



Hér ræðir Ragnar Páll við Guðnýju Guðmundsdóttur frá Siglufirði, sem ný býr á Hrafnistu, og Guðjón Pétursson frá Barðaströnd, en hann býr á Grund.


# Lifandi áhugi á fólki og fjöllum

Það voru ánægðir og þakklátir gestir, sem komu á sýningu Ragnars Páls að Kjarvalsstöðum á fimmtudag. Ragnar bauð til sín vistfólki frá Hrafnistu og Grund, og Strætó bauð ókeypiss far.

Ragnar lét ekki þar við sitja. Hann bauð einnig íbúum Sjálfshjargarhússins og nemendum Heyrnleysingjaskólans. Þeir síðastnefndu höfðu fæstir komið á málverkasýningu áður og vissu vart hvort þeir ættu bara að horfa, eða líka að snerta. Ekki var ánægja þessara gesta minni.

Loftur Asgeirsson, ljósmyndari Vísis, tók þessar myndir á fimmtudaginn. Áhuginn fer ekki framhjá neinum, sem virðir þessar ljósmyndir fyrir sér. Gestirnir höfðu á orði, að þeir hefðu getað verið þarna heilan dag, setið og horft á landslagsmyndirnar, mannmyndirnar, blóma- og bátamyndirnar. Vafalaust hefur ferpin stýtt daginn hjá mörgum og veitt ómælda ánægju.

Þessi sýning Ragnars Páls hefur vakið mikla athygli og seldust myndir hans upp á augabragði. Henni lýkur á morgun.



Hún er eilítið hissa á því, að sjá Botnsúlur frá Uxahryggjaleið en ekki frá Þingvöllum eins og algengara er.



Hann er að vekja athygli kunningja síns á fallega síða hárinu hennar Guðrúnar, ungu stúlkunni úr Kópavogi.



Þessir tveir velta öldnum vöngum yfir sólarlagsmynd úr Arnarfirði.

## SKÁK

# Stórskemmtileg og sérkennileg skák

Helgi varð að slá af í tveim síðustu umferðunum. Hann tapaði fyrir Birni Þorsteinssyni í 10. umferð og tryggði sér síðan titilinn með jafntefli við Björn Halldórsson í lokaumferðinni. Sigur Helga kemur ekki á óvart. Hann hefur lengi verið í örri framför að undanfögnu, og er án efa mesta skákmannsefni okkar um þessar mundir.

Birni Þorsteinssyni tókst ekki að verja titilinn frá í fyrra, en þá sigraði hann með yfirburðum, 2 vinningum fyrir ofan næsta

mann. Gylfi Magnússon var sá keppandi mótsins sem hvað mest kom á óvart. Fyrirfram hefði mátt búast við því að hann yrði að láta í minni pokann fyrir yngri keppendum, en því var aldeilis ekki að heilsa. Gylfi tefldi sinn frumlega og djærfa sóknarstil og tókst yfirleitt að komast hjá teorískum fallgryfjum. Margeir Pétursson virkabi skákpreyttur í upphafi móts, enda hefur hann teflt ósleitilega að undanfögnu. Hann náði sér þó vel upp í síðari hlutanum og fékk 5 1/2 v úr

síðustu 7 skákunum. Í B-flokki meistaraflokks var keppni mjög hörð og svo fór að 4 keppendur höfnuðu í efsta sæti með 7 vinninga af 11 mögulegum.

Röð þeirra eftir stigum var þessi.

- 1.-4. Jón Þorvarðarson
- 1.-4. Guðni Sigurbjörnsson
- 1.-4. Jón L. Arnason
- 1.-4. Sigurður Danielsson.

Í öðrum riðlum varð röð efstu manna þessi:

- 1. Adolf Emilsson 9 mög. 8 1/2
- 2. Arni Sigurbjörnsson 7

- C-2
- 1. Gísli Jónsson 8v
- 2. Sigurður H. Jónsson 6v

- C-3
- 1.-2. Ólafur Asgrímsson 6v
- 1.-2. Hilmar Hansson 6v

- Unglingaflokkur
- 1.-2. Arni Arnason 6v
- 1.-2. Þröstur Þórsson 6v

Hraðskákmót T.R. fór fram um síðustu helgi og voru keppendur 38 talsins. Röð efstu manna varð þessi:


- 1. Helgi Ólafsson 14 1/2
- 2. Jónas P. Erlingsson 14
- 3. Bragi Halldórsson 12 1/2

Skák þáttarins í dag er bæði stórskemmtileg og sérkennileg. Hvítur leggur alls óhræddur til sóknar djærlegri mannsfönu sem leiðir til harðra sviptinga. Skýringar eru eftir sigurvegarann.

- B-flokkur meistaraflokks
- Hvitt: Sigurður Danielsson
- Svart: Jón Þorvarðarson.
- Sikileyjarleikur.

- 1. e4 c5
  - 2. Rf3 Rc6
  - 3. Bb5 g6
  - 4. Rc3
- (Algengara er 4. 0-0 Bg7 5. c3 Rf6 e5 Rd5 6. 0-0.) eða 4c3 R+6 5.

- 4.... Bg7
- 5.0-0 e5
- 6. Rd5 a6
- 7. Bxc6 dxc6
- 8. Re3 De7
- 9. d3 Be6
- 10. Rg5!?



(Skemmtilegur og frumlegur leikur. Þessi fönu hefur tvöfalt gildi. 1. Kemur í veg fyrir hrökun hjá svörtum. 2. Splundrar þeim

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	VINN.
1. HELGI ÓLAFSSON	0	1	1/2	1	1	1	1	1	1	1	1	1	9
2. BJÖRN ÞORSTEINSS.	1	0	1	1	0	1	1	1	1/2	1	1	1	8 1/2
3. GYLFI MAGNÚSSON	0	0	1	0	1	1/2	1	1/2	1	1	1	1	7
4. MARGEIR PÉTURSSON	1/2	1	0	1	0	1/2	1/2	1	1	0	1/2	1	6
5. GUNNAR FINNLAUGSS.	0	0	1	0	1/2	1	0	0	1	1	1	1	5 1/2
6. ASGEIR P. ASBJÖRNSS.	0	0	0	1	1/2	1	1	1	0	1	1/2	1	5 1/2
7. KRISTJÁN GUÐMUNDS.	0	1	1/2	1/2	0	1/2	0	1/2	1/2	1	1	1	5 1/2
8. DMAR JÓNSSON	0	0	0	1/2	1	0	1	0	1	1	1/2	1	5
9. JÓNAS P. ERLINGSS.	0	0	1/2	0	1	0	1/2	1	0	1/2	1/2	1	4
10. ASGEIR P. ARNASON	0	1/2	0	0	0	1	1/2	0	1	0	1/2	1	3 1/2
11. LEIFUR JÓSTEINSS.	0	0	0	1	0	0	0	1/2	1	1	1	1	3 1/2
12. BJÖRN HALLDÓRSSON	1/2	0	0	1/2	0	1/2	0	1/2	1/2	1/2	0	0	3